

SAMNINGUR

milli Sjúkratrygginga Íslands, kt. 650309-0220 (hér eftir nefndar SÍ) og SÁÁ sjúkrastofnunar, kt. 671077-0169 (hér eftir nefnd verksali) um áfengis- og vímuefnaeðferð fyrir sjúkratryggða einstaklinga á göngudeildum SÁÁ.

1. gr. Gildissvið

Samningur þessi er gerður á grundvelli laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar, laga nr. 40/2007 um heilbrigðisþjónustu og laga nr. 123/2015 um opinber fjármál.

SÁÁ sjúkrastofnun er sjálfseignarstofnun og fellur starfsemin undir lög nr. 33/1999 um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur, með síðari breytingum.

Verksali hefur það meginverkefni samkvæmt samningi þessum að veita áfengis- og vímuefnaeðferð á göngudeildum í Reykjavík og á Akureyri, fyrir einstaklinga sem nánar er tilgreint í samningi þessum.

Rétt á þeirri meðferð sem samningurinn tekur til eiga sjúkratryggðir einstaklingar skv. lögum nr. 112/2008 um sjúkratryggingar.

Þjónusta sem veitt er samkvæmt samningi þessum skal falla að heildarskipulagi áfengis- og vímuefnaeðferðar í landinu og verkaskiptingu milli stofnana á hverjum tíma.

2. gr. Markmið

Markmið samningsins er að veita þeim einstaklingum sem samningurinn nær til bestu mögulegu greiningu, meðferð, eftirfylgd og ráðgjöf, sem uppfylla ákveðnar gæða- og öryggiskröfur, sbr. 4. gr. samnings þessa. Verksali kemur sér upp innra eftirliti m.a. í þeim tilgangi að unnt sé að sannreyna gæði þjónustunnar.

Við framkvæmd samningsins skal verksali leita leiða til að ná fram markmiðum hans með hagkvæmum og skilvirkum hætti og tryggja að þjónusta við notendur sé ávallt í fyrirrúmi.

3. gr. Verkefni

Samningur þessi tekur til áfengis- og vímuefnaeðferðar á göngudeildum verksala sem veitt er af þverfaglegu teymi sem saman stendur af læknum, sálfræðingum og áfengis- og vímuefnaeðgjöfum sem hlotið hafa viðurkenningu heilbrigðisyfirvalda til starfans, staðfestingu landlæknis, sbr. lög nr. 41/2007 um landlækni og lýðheilsu og lög nr. 34/2012 um heilbrigðisstarfsmenn, sbr. einnig reglugerðir:

- Nr. 467/2015 um menntun, réttindi og skyldur lækna og skilyrði til að hljóta almennt lækningaleyfi og sérfræðileyfi.
- Nr. 1130/2012 um menntun, réttindi og skyldur sálfræðinga og skilyrði til að hljóta starfsleyfi og sérfræðileyfi.

AS G

- Nr. 1106/2012 um menntun, réttindi og skyldur áfengis- og vímuefnaráðgjafa og skilyrði til að hljóta starfsleyfi.

Áfengis- og vímuefnaráðgjafar verksala skulu starfa í samráði við og á ábyrgð lækna verksala.

Verksali ábyrgist faglega hæfni starfsfólks sem hann notar í starfsemi sinni, þagnarskyldu þess og þjónustulipurð.

Verksali tekur aðeins þá einstaklinga í meðferð sem;

- koma með tilvísun frá lækni
- hafa fengið greiningu áfengis- og vímuefnaráðgjafa á göngudeild.

Samningur þessi tekur einnig til greiningarviðtala áfengis- og vímuefnaráðgjafa, sbr. 7. gr.

Þjónusta verksala felst m.a. í greiningu og meðferð við áfengis- og vímuefnavanda ásamt ráðgjöf og fræðslu.

Verksali skal veita viðurkennda og gagnreynda áfengis- og vímuefna meðferð, sbr. klínískar leiðbeiningar frá eftirtöldum:

- NICE (National Institute for Health and Care Excellence)
- NIDA (National Institute on Drug Abuse) og NIAAA (National Institute on Alcohol Abuse and Alcoholism) í Bandaríkjunum
- viðmið og ábendingar frá ASAM (The American Society of Addiction Medicine Patient Placement Criteria 2R, ASAM PPC-2R)
- leiðbeiningar frá ASAM samtökunum sem m.a. má finna í Principles of Addiction Medicine

Þegar meðferðarlotu er lokið skal verksali gera samantekt um árangur meðferðar og annað sem skiptir máli (læknabréf eða sambærilegt) aðgengilega tilvísandi lækni og heimilislækni sjúklings. Jafnframt skulu veittar leiðbeiningar um framhaldsmeðferð og/eða eftirlit í því sambandi eftir því sem við á. Allir heilbrigðisstarfsmenn verksala skrá viðeigandi upplýsingar í rafræna sjúkraskrá til að tryggja samfellda meðferð sjúklings.

Til að ná markmiðum í áfengis- og vímuefna meðferð skal verksali hafa nægilega mönnun lækna, sálfræðinga, áfengis- og vímuefnaráðgjafa og annarra starfsmanna til að sinna þjónustunni.

Samningur þessi nær ekki til vinnu við hóp- og vísindarannsóknir eða heilsuverndarstarfa.

4. gr.

Gæði og innra eftirlit

Verksali skal setja sér gæðastefnu og mælanleg gæðamarkmið í þeim tilgangi að tryggja gæði og öryggi þjónustunnar. Verksali skal hafa skjalfærðar verklagsreglur/gæðahandbók, þar skulu m.a. stjórnun og skipting ábyrgðar vera skilgreind, sbr. fylgiskjal I. Verksali skal tryggja að öll aðföng til verkefnisins uppfylli settar kröfur.

Verksali skal hafa virkt innra eftirlit og skal það framkvæmt með kerfisbundnum hætti og niðurstöður skráðar. Virkt innra eftirlit felst m.a. í skipulögðum innri úttektum sem sýna fram á hvort starfsemin sé í samræmi við þá tilhögun sem skipulögð hefur verið (t.d. verklagsreglur) og sett fram aðgerðaráætlun um úrbætur sé þess þörf. Verksali skal jafnframt setja sér mælanlega gæðavísa sem mældir eru með reglubundnum hætti og birta niðurstöður þeirra að lágmarki einu sinn á ári þannig að þeir séu aðgengilegir fyrir notendur, heilbrigðisstofnanir, heilbrigðisstarfsmenn, stjórnendur og stjórnvöld, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 1148/2008, með síðar breytingu.

Verksali skal grípa til aðgerða til þess að uppræta orsakir frávika, sem í ljós kunna að koma, í því skyni að koma í veg fyrir endurtekningu. Frávik geta komið í ljós við innra eftirlit eða ef kvörtun berst. Þá geta komið upp óvænt atvik. Verksali skal stunda skipulagðar forvarnir, þ.e. greina og meta hugsanlegar orsakir frávika í starfsemi sinni og ákveða hæfilegar ráðstafanir.

Verksali skal gæta ytrustu hagkvæmni gagnvart sjúkratryggingum landsmanna við val á meðferðarúrræðum með hliðsjón af faglegum lágmarkskröfum Embættis landlæknis og gagnreyndum fræðum í áfengis- og vímuefnaeðferð.

Verksali skal halda sjúkraskrá samkvæmt lögum nr. 55/2009 um sjúkraskrár, sbr. lög nr. 74/1997 um réttindi sjúklinga með síðari breytingum svo og reglugerð um sjúkraskrár, nú nr. 550/2015. Sjúkraskrár skulu færðar á rafrænu formi. Þá skal verksali sjá til þess að sjúklingar staðfesti mætingu á göngudeild með undirritun sinni í tímabók. Tímabækur skulu geymdar ekki skemur en í fjögur ár. Sí geta hvenær sem er kallað eftir tímabókunum.

Verksali skal gæta þess að tímasetningar bókaðra tíma sjúklinga standist sem best og gera sjúklingi viðvart í tæka tíð, þurfi hann að breyta tíma.

Um samskipti verksala, starfsfólks eða aðila á hans vegum við skjólstæðinga fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 74/1997 um réttindi sjúklinga með síðari breytingum, laga nr. 40/2007 um heilbrigðisþjónustu með síðari breytingum og laga nr. 34/2012 um heilbrigðisstarfsmenn með síðari breytingum.

Eigi í hlut sjúklingur sem ekki talar íslensku eða notar táknmál skal honum tryggð túlkun á upplýsingum samkvæmt 5. gr. laga nr. 74/1997 um réttindi sjúklinga, með síðari breytingum.

Verksali skal sérstaklega gæta ákvæða laga nr. 74/1997 um réttindi sjúklinga.

Verksali skal að öðru leyti uppfylla ákvæði annarra laga og reglugerða eftir því sem við á.

5. gr. Aðbúnaður

Göngudeildir verksala skulu uppfylla almennar kröfur um aðbúnað og aðgengi, hafa góða loftræstingu og lýsingu og vera með aðgang að salerni.

6. gr. Tilvísanir

Með tilvísun læknis í áfengis- og vímuefnameðferð sem veitt er samkvæmt samningi þessum skal fylgja sjúkdómsgreining byggð á ICD-10 eða DSM-5, stutt ágríp fjölskyldu og sjúkrasögu, upplýsingar um fyrri meðferð, meðferðarþörf og meðferðarmarkmið.

7. gr. Meðferð

Áfengis- og vímuefnameðferð skal eftir þörfum og aðstæðum fara fram í samráði við tilvísandi lækni skv. 6. gr.

Miðað er við að hver áfengis- og vímuefnameðferð sé ein meðferðarlota sem, að undangengnu greiningarviðtali ráðgjafa, felur í sér læknisviðtal (ef þess er þörf að mati læknis í samráði við ráðgjafa), ráðgjafaviðtal og hópfunði, skv. nánari lýsingu í þessari grein og skal verðlagningu hennar háttað í samræmi við gjaldskrá samnings þessa.

Greiningarviðtal ráðgjafa:

Greiningarviðtal áfengis- og vímuefnaráðgjafa er greining á vanda og meðferðarþörf einstaklings ásamt markmiðssetningu. Greiningarviðtal áfengis- og vímuefnaráðgjafa á við þegar sjúklingur leitar beint á göngudeild án tilvísunar frá lækni eða undangenginnar vímuefnameðferðar á sjúkrastofnun. Innifalið í þóknun fyrir greiningarviðtal ráðgjafa er skráning og skýrslugjöf til læknis sem ber ábyrgð á starfi viðkomandi göngudeildar. Miðað er við að greiningarviðtal standi yfir í 60 mínútur.

Læknisviðtal:

Læknisviðtal felur í sér upplýsingasöfnun í sjúkrasögu, skoðun á sjúklingi og allt sem henni tilheyrir samkvæmt hefð læknisfræðinnar. Enn fremur öll vinna við sjúkraskrá, samtöl við heilbrigðisstarfsmenn um sjúkling, símtöl við sjúkling, móttaka og mat á rannsóknaniðurstöðum. Miðað er við að læknisviðtal standi yfir í a.m.k. 20 mínútur. Að jafnaði eru eigi fleiri en eitt læknisviðtal í meðferðarlotu. Læknisviðtal getur þó komið til þótt einstaklingur sé ekki þátttakandi í meðferðarlotu.

Ráðgjafaviðtal

Ráðgjafaviðtal er einstaklingsviðtal og inniheldur fræðslu og ráðgjöf frá áfengis- og vímuefnaráðgjafa. Miðað er við að ráðgjafaviðtal standi yfir í 60 mínútur. Að jafnaði er eitt ráðgjafaviðtal í meðferðarlotu. Ráðgjafaviðtal getur þó komið til þótt einstaklingur sé ekki þátttakandi í meðferðarlotu.

Hópmeðferð.

Hópmeðferð er dagmeðferð á göngudeild og fjölskyldumeðferð. Hver hópmeðferð samanstendur af fyrirlestrum, umræðum og verkefnavinnu. Miðað er við að hópmeðferð standi yfir í tvær klst. í senn. Læknar, sálfræðingar og áfengis- og vímuefnaráðgjafar koma að meðferðinni. Hámarksskiptafjöldi á hvern einstakling í meðferðarlotu er 16 skipti nema í fjölskyldumeðferð þá eru skiptin 8.

Stuðningshópur.

Stuðningshópsmeðferð er fyrir einstaklinga í kjölfar afeitrunar eða annarrar meðferðar við neyslu. Meðferð samanstendur af umræðum og verkefnavinnu. Miðað er við að hver meðferðartími standi yfir í eina klst. í senn. Áfengis- og vímuefnaráðgjafar koma að meðferðinni. Hámarksskiptafjöldi er 15 skipti í meðferðarlotu.

Eftirfylgd.

Eftirfylgd er hópmæðferð fyrir einstaklinga í kjölfar afeitrunar eða annarrar meðferðar við neyslu. Eftirfylgd samanstendur af fræðslu, umræðum og verkefnavinnu. Miðað er við að hver meðferðartími standi yfir í eina klst. í senn. Meðferð getur staðið yfir í allt að eitt ár, einu sinni til tvisvar í viku. Læknar, sálfræðingar og áfengis- og vímuefnaráðgjafar koma að meðferðinni.

Verði rof á meðferð skal gera tilvísandi lækni grein fyrir því og ástæðum þess að meðferð er rofin.

8. gr.

Greiðslur sjúkratryggðra

Sjúkratryggðir einstaklingar greiða fyrir *læknisviðtal* skv. 16. gr. reglugerðar um greiðsluþátttöku sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu, nú nr. 1251/2018.

Fyrir komu á göngudeild (*greiningarviðtal, ráðgjafarviðtal, stuðningshóp, hópmæðferð og eftirfylgd*) skulu sjúkratryggðir greiða í samræmi við 4. mgr. 13. gr. sömu reglugerðar.

Greiðslur sjúkratryggðs fyrir heilbrigðisþjónustu skv. 1. mgr. og 2. mgr. teljast til afsláttarstofns einstaklings skv. ofangreindri reglugerð sem notaður er við ákvörðun á greiðsluþátttöku hans vegna heilbrigðisþjónustu.

Verksali skal hafa gildandi gjaldskrá til sýnis fyrir sjúklinga á göngudeild.

9. gr.

Umfang þjónustu og greiðsluþátttaka SÍ

Fyrir þjónustu samkvæmt samningi þessum greiða SÍ það sem á vantar að greiðsla sjúkratryggðs skv. 8. gr. nemi fullri þóknun samkvæmt neðangreindri gjaldskrá. Hámarksgreiðsla SÍ skv. samningi þessum á gildistíma hans eru kr. 80.000.000,- vegna göngudeildar í Reykjavík og kr. 20.000.000,- vegna þjónustu göngudeildar á Akureyri.

Þjónusta skv. samningi þessum skal veitt sem jafnast yfir samningstímann.

Einingarverð skv. samningi þessum er kr. 100,00.

Gjaldskrá:

Gj. nr.	Gjaldliður	Einingar
1	Læknisviðtal	85,40
2	Greiningarviðtal ráðgjafa	94,90
3	Ráðgjafaviðtal	94,90
4	Hópmeðferð I, 3 til 5 í hóp	77,10
5	Hópmeðferð II, 6 til 9 í hóp	41,12
6	Hópmeðferð III, 10 til 15 í hóp	24,67
7	Stuðningshópur I, 3 til 5 í hóp	47,45
8	Stuðningshópur II, 6 til 9 í hóp	25,31
9	Stuðningshópur III, 10 til 15 í hóp	15,18
7	Eftirfylgd 1, 3 til 5 í hóp	47,45
8	Eftirfylgd II, 6 til 9 í hóp	25,31
9	Eftirfylgd III, 10 til 15 í hóp	15,18
10	Mánaðarlegt fastagjald v/ Akureyrar	15.220,42
11	Mánaðarlegt fastagjald v/ Reykjavíkur	34.858,95

Verksala er heimilt að veita þjónustu umfram þá þjónustu sem skilgreind er í 7. gr. samnings þessa, enda skal hún þá fjármögnuð með öðrum tekjum en frá SÍ.

10. gr. Reikningar

Reikningar verksala skulu uppfylla skilyrði laga og reglna á hverjum tíma. SÍ greiða verksala mánaðarlega fyrir veitta þjónustu skv. reikningi og rafrænum reikningsupplýsingum frá verksala.

Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram á reikningi:

- a) nafn og kennitala sjúklings
- b) hvaða dag þjónusta var veitt
- c) gjaldskrárliðir
- d) greiðsluhlutur sjúkratryggðs
- e) skilgreining til aðgreiningar hópa
- f) hvar þjónustan var veitt (Akureyrir, Reykjavík)

Verksali skal almennt senda SÍ reikningsupplýsingar sama dag og þjónusta var veitt en eigi síðar en sjö dögum síðar. SÍ greiða reikninga inn á bankareikning verksala innan 12 daga frá því að reikningsupplýsingar vegna síðasta dags viðkomandi mánaðar bárust séu reikningarnir athugasemdalausir.

SÍ geta hvenær sem er skriflega óskað skýringa á reikningi og/eða reikningsupplýsingum og ber reikningseiganda að gefa þær. Meðan ekki hefur fengist skýring er heimilt að:

- greiða reikning með fyrirvara.
- hafna greiðslu reiknings.

Reikningsupplýsingar skulu sendar SÍ með rafrænum hætti yfir netið og ber að fara eftir skilyrðum og færslulýsingu sem SÍ setja.

11. gr.

Ábyrgð og tryggingar

Verksali skal fylgja lögum og stjórnvaldsfyrirmælum sem eru í gildi hverju sinni.

Verksali skal hafa fullnægjandi starfsábyrgðartryggingu svo og sjúklingatryggingu hjá viðurkenndu vátryggingafélagi, sbr. lög nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu, sbr. síðari breytingar. Verksali ber sjálfur kostnað af tjóni sem hann tryggir sig ekki gegn.

12. gr.

Samstarfsnefnd

Hvor aðili um sig skal skipa tvo menn í samstarfsnefnd. Boða skal fundi ef annar hvor aðila óskar þess. Hlutverk nefndarinnar er:

1. Að fjalla um ágreining eða álitamál í samskiptum samningsaðila sem aðilar vísa til nefndarinnar.
2. Að fjalla um kærur tengdar þessum samningi sem kunna að koma fram frá sjúklingum um starfsemi verksala.
3. Að gera tillögur í öðrum málum er upp kunna að koma í samskiptum SÍ og verksala.

Unnt er að skjóta ágreiningi innan samráðsnefndar til sameiginlegs fundar samninganefnda aðila.

13. gr.

Upplýsingar um sjúkling

Verksali skal skrá upplýsingar um hvern sjúkling og veitta meðferð, sbr. 5. mgr. 4. gr. Læknar SÍ, eða hlutaðeigandi heilbrigðisstarfsmenn SÍ þegar það á við, skulu hafa aðgang að þeim sjúkraskráum verksala er varða þjónustu hans við hina sjúkratryggðu í samræmi við 46. gr. laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar.

14. gr.

Eftirlit

Eftirlit SÍ felst í greiningu innsendra gagna, bréfaskiptum við verksala og lækna og heimsóknnum. Verksala er skylt að veita læknum SÍ eða eftir atvikum hlutaðeigandi heilbrigðisstarfsmönnum SÍ þær upplýsingar sem stofnuninni eru nauðsynlegar vegna greiðslna skv. samningi þessum og vegna eftirlitshlutverks stofnunarinnar í samræmi við 45. og 46. gr. laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar.

Embætti landlæknis hefur eftirlit með að framangreind þjónusta uppfylli faglegar kröfur til reksturs heilbrigðisþjónustu og uppfylli ákvæði heilbrigðislöggjafar á hverjum tíma. Þá hefur Embætti landlæknis eftirlit með að veitendur heilbrigðisþjónustu hafi valið sér gæðavísa, sem uppfylli gerðar kröfur skv. 3. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 1148/2008, með síðari breytingu.

Ríkisendurskoðun hefur heimild til eftirlits með framkvæmd samninga sem gerðir eru við sveitarfélög eða einkaaðila, sbr. d. lið 4. gr. laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga. Sú heimild nær bæði til fjárhagsendurskoðunar og stjórnsýsluendurskoðunar. Í 10. gr. sömu laga er kveðið á um skoðunarheimildir Ríkisendurskoðunar.

15. gr. Þagnarskylda

Starfsmönnum verksala ber að gæta þagnarmælsku um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara lögum samkvæmt.

Ráði verksali undirverktaka til starfa skuldbindur hann sig til að láta undirverktaka og starfsmenn hans undirrita heit um þagnarskyldu.

16. gr. Framsal réttinda

Verksala er óheimilt að framselja eða veðsetja rétt sinn samkvæmt samningi þessum nema með skriflegu leyfi SÍ.

17. gr. Undirverktakar

Verksala er heimilt að semja við undirverktaka um að annast tiltekin verk í þjónustunni enda uppfylli þeir ekki minni kröfur en gerðar eru til verksala í samningi þessum um slíka þjónustu.

Ef verksali felur undirverktaka að taka að sér einstaka þjónustuþætti samkvæmt samningi þessum, breytast í engu samningsskyldur verksala gagnvart SÍ.

18. gr. Vanefndir og aðgerðir vegna vanefnda

Telji SÍ eða verksali að annar hvor þessara sammingsaðila hafi brotið skyldur sínar samkvæmt samningi þessum eða starfsháttum hans sé á einhvern hátt ábótavant skal það lagt fyrir samstarfsnefnd aðila.

Komi í ljós verulegur misbrestur á því að verksali uppfylli skyldur sínar skv. samningi þessum hafa SÍ heimild til að rifta honum og heimta bætur fyrir fjártjón af verksala. Með sama hætti skal verksala heimilt að rifta samningi þessum gagnvart SÍ ef verulegur misbrestur verður á því að stofnunin uppfylli skyldur sínar skv. honum. Heimild aðila til að heimta bætur á einnig við eftir að samningi aðila lýkur.

Sannist vanefndir skulu aðgerðir SÍ vegna þeirra byggjast á málefnalegum sjónarmiðum, sbr. 48. gr. laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar.

19. gr.
Réttarfar

Rísi mál út af samningi þessum má leggja það fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur.

20. gr.
Verklok og viðskilnaður

Hætti verksali að veita þjónustuna, hvort sem það er við lok samningstíma, framlengdum samningstíma eða af öðrum ástæðum, þarf að vera tryggt að þjónustan geti haldið áfram í höndum nýs rekstraraðila með sem minnstum óþægindum fyrir notendur þjónustunnar og án þess að rof verði á henni.

Verksali skuldbindur sig til að taka þátt í gerð verklokaáætlunar vegna aðilaskipta ef til þeirra kemur. Slík áætlun verður gerð í samstarfi verksala, SÍ og þess aðila sem tekur við að veita þjónustunna. Verksali skuldbindur sig einnig til að taka þátt í vinnu við verklok sín og tryggja með því viðskilnað sem hefur lágmarksáhrif á notendur þjónustunnar og rýfur ekki samfellda þjónustu við þá.

21. gr.
Endurskoðun

Í september 2019 skal endurskoða fastagjald samnings þessa þegar fyrir liggur hvert þjónustumagn samningsins og greiðsluþátttaka sjúkratryggðra stefnir í að vera. Markmið endurskoðunar fastagjaldsins er að tryggja nýtingu þeirrar tímabundnu fjárveitingar sem samningur þessi grundvallast á, sbr. 1. mgr. 9. gr. samnings þessa.

22. gr.
Gildistími

Samningur þessi gildir frá og með 1. apríl 2019 til og með 31. desember 2019. Hann öðlast þó ekki gildi fyrr en hann hefur verið staðfestur af heilbrigðisráðherra.

Áður en samningstíma lýkur skulu SÍ gera sérstaka úttekt á framkvæmd samningsins þar sem metið er hvernig til hafi tekist á samningstímanum. Sú úttekt skal lögð til grundvallar þegar tekin er ákvörðun um áframhaldandi þjónustukaup.




23. gr.
Fyrirvarar

Samningur þessi er gerður á grundvelli tímabundinnar fjárveitingar á fjárlögum ársins 2019 og við gerð hans liggur ekki fyrir kostnaðargreining þjónustunnar. Verði samið um göngudeildarþjónustu að samningstíma liðnum skal sá samningur byggja á kostnaðargreiningu, sbr. 3. mgr. 43 gr. laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar eða útboði á grundvelli laga nr. 120/2016 um opinber innkaup. Að öðru leyti eru fjárhagslegar skuldbindingar í samningi þessum með fyrirvara um nauðsynlegar heimildir í fjárlögum.

Samningur þessi er gerður með fyrirvara um staðfestingu heilbrigðisráðherra.

Reykjavík, 27. mars 2019

F.h. Sjúkratrygginga Íslands




Staðfesting heilbrigðisráðherra

F.h. SÁÁ sjúkrastofnunar







Bókun SÁÁ:

SÁÁ vilja ítreka að það liggur engin kostnaðargreining til grundvallar heildargreiðslum fyrir hópmeðferð skv. samningnum. SÁÁ telja að það verð samningsins endurspegli ekki raunkostnað þjónustunnar.

Gæði og öryggi í heilbrigðisþjónustu

Hugtökin gæði og öryggi eru nátengd og samofin þar sem öryggi þjónustunnar hefur mikil áhrif á gæði hennar. Embætti landlæknis (EL) hefur lögum samkvæmt það hlutverk að efla gæði og öryggi heilbrigðisþjónustunnar og hafa eftirlit með henni. Til þess að sinna þessu hlutverki gefur embættið m.a. út tilmæli, viðmið og leiðbeiningar, fylgist með því að faglegar kröfur í heilbrigðisþjónustunni séu uppfylltar og hefur eftirlit með þjónustuveitendum og heilbrigðisstarfsfólki.

Gæði í heilbrigðisþjónustu segja til um:

- Að hve miklu leyti heilbrigðisþjónusta eykur líkur á bættri heilsu og auknum lífsgæðum fyrir einstaklinga og samfélag.
- Að hve miklu leyti þjónustan er veitt í samræmi við bestu þekkingu sem völ er á.

Meginþættir gæða í heilbrigðisþjónustu eru öryggi, rétt tímasetning, skilvirk og árangursrík þjónusta, jafnræði og notendamiðuð þjónusta.

Öryggi í heilbrigðisþjónustu er nauðsynlegt skilyrði til að notandi heilbrigðisþjónustu verði ekki fyrir skaða eða tímabundnum óþægindum af þeirri þjónustu sem ætluð er til að bæta heilsu hans eða lífsgæði.

Gæðastjórnun felst í að marka gæðastefnu og framfylgja henni í daglegu starfi. Gæðastefna felst í þeim viðmiðunarreglum sem stuðst er við varðandi allar ákvarðanir sem snerta gæði starfseminnar. Gæðastjórnun byggir á að stöðugt sé leitað leiða til að bæta verkferla. Hún felur í sér skipulögð og öguð vinnubrögð þar sem unnið er eftir nákvæmum verkferlum og aðgerðir eru skráðar.

EL hefur gefið út vefritið „*Eflum gæði og öryggi í íslenskri heilbrigðisþjónustu*“ (3. útg. 2016). Í því er að finna leiðbeiningar fyrir veitendur heilbrigðisþjónustu, sem fagráð EL um sjúklingaöryggi hefur unnið að. Mælst er til þess að verksali noti leiðbeiningarnar.

Framangreint vefrit má finna hér:

http://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item19084/Eflum-gaedi-og-oryggi_3.utg.2016_11.11.2016.pdf

Gæðahandbækur og gæðavísar

Gæðahandbók felur í sér lýsingu á gæðastefnu og verkferlum viðkomandi þjónustuveitanda, svo sem verklagsreglum, vinnulýsingum og gátlistum. Skjölum í gæðahandbók má skipta í þrjá flokka:

- Stefnuskjöl (gæðastefna og markmið)
- Skipulagskjöl (verklagsreglur)
- Framkvæmdaskjöl (vinnulýsingar)

Gæðavísar eru mælikvarðar sem gefa vísbendingar um gæði og öryggi þeirrar heilbrigðisþjónustu sem veitt er, sjá nánar um gæðavísa á vefsíðu EL og í framangreindu vefriti EL.